

Úrskurður nr. 1/2003.

- Endurákvörðun

Tollstjóri ákvarðar tollflokkun og endurákvæðar gjöld af alls 38 vörusendingum er innihéldu fæðubótaefni. Kærandi telur tollflokkun tollstjóra rétta og fellst á hana en krefst þess að krafa um greislu viðbótargjalda og vaxta verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti hina kærðu endurákvörðun en féllst að hluta á kröfur kæranda.

Lög 55/1987 tollalög 99.gr., 100.gr., 101. gr. og 142. gr.

Með bréfi, dags. 23. janúar 2003, er barst nefndinni s.d. kærir J, f.h. P. ehf., úrskurð tollstjóra sem uppkveðinn var þann 26. nóvember 2002. Í hinum kærða úrskurði breytir tollstjóri tollflokkun á nokkrum gerðum af fæðubótaefnum og gerir innflytjanda að greiða vexti af vangreiddum aðflutningsgjöldum. Endurákvörðunin tekur til 38 vörusendinga. Kærandi sættir sig við tollflokkun tollstjóra en gerir kröfu um að viðbótargjöld og vextir af vangreiddum aðflutningsgjöldum verði felldir niður þar sem í einhverjum tilfellum hafi tollflokkun fyrirtækisins verið breytt að undangenginni skoðun hjá tollstjóra sem nú sé breytt aftur með hinni kærðu endurákvörðun.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfi dags. 21. ágúst s.l., hafi fyrirtækinu verið tilkynnt um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna eftirfarandi sendinga:

S ARN 21 08 1 NL RTM J766	F 787 22 10 0 BE LGG W656	F 775 12 09 9 DE CGN U535
S HEG 28 04 9 NL RTM U249	S ARN 12 04 0 NL RTM U619	E DET 31 10 0 NL RTM J028
S ARN 20 02 1 NL RTM J370	S HEG 06 03 2 NL RTM J575	S ARN 17 11 9 NL RTM U326
F 787 23 01 0 BE LGG 4833	S ARN 21 11 0 NL RTM J062	F 787 10 10 9 BE LGG U229
F 787 06 02 0 BE LGG U507	S HEG 31 05 0 NL RTM U067	S ARN 17 04 1 NL RTM J296
E MAN 19 06 0 NL RTM J047	S ARN 26 06 1 NL RTM J144	F 783 13 11 9 BE LGG 4851
S ARN 19 10 9 NL RTM U480	S HEG 22 05 1 NL RTM J201	F 753 11 03 1 BE LGG 4733
E BAK 02 10 0 NL RTM J055	S ARN 13 09 0 NL RTM J054	S ARN 16 10 1 NL RTM J266
F 775 16 05 9 DE CGN 9252	S HEG 22 02 0 NL RTM U948	F 775 10 04 9 DE CGN U873
S ARN 14 07 9 NL RTM U119	E MAN 31 07 0 NL RTM J046	F 775 03 06 9 DE CGN 1715
S TRB 20 12 9 NL RTM U514	S ARN 12 02 2 NL RTM J016	S HEG 20 11 1 NL RTM J264
S ARN 18 09 1 NL RTM J460	S HEG 23 02 0 NL RTM U015	S ARN 23 01 1 NL RTM J412

Var fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum innan frestsskilyrða. Þann 2. september s.l. barst embættinu tölvupóstur þar sem óskað var eftir að frestur fyrirtækisins yrði framlengdur frekar. Samþykkti embættið samdægurs að framlengja frest fyrirtækisins til 20. september s.l. Munnlega var frestur fyrirtækisins síðan framlengdur til 4. október s.l. Þar sem fyrirtækið óskaði eftir fresti þar sem verið væri að vinna í umræddu máli aðhafðist embættið ekkert strax og fresturinn rann út. Þann 21. október s.l. var fyrirtækinu sendur tölvupóstur og því bent á að frestur fyrirtækisins væri liðinn án þess að embættinu hefðu borist frekari gögn eða andmæli við fyrirhuguðum úrskurði. Hvorki var haft samband við embættið eftir þetta, né frekari gögnum eða andmælum skilað. Var því tekin ákvörðun um að áætla aðflutningsgjöld á innflytjanda í samræmi við þær athugasemdir sem gerðar höfðu verið vegna fyrrgreindra sendinga. Með bréfi embættisins, dags. 8. nóvember s.l., var fyrirtækinu tilkynnt að úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda kynni að dragast vegna umfangs málsins og þess að fjórar sendinganna voru tollafgreiddar hjá sýslumanninum í Hafnarfirði. Jafnframt kom fram að tekið yrði tillit til þessara tafa við útreikning dráttarvaxta.

Fram kemur að eftirlitsdeild embættisins hafi gert athugasemd við tollflokkun orkudrykkja, orkustanga, fæðubótaefna og fleiri vörutegunda í framangreindum sendingum. Jafnframt því var sums staðar gerð athugasemd við váttryggingu, mynt, vörur sem sendar voru án greiðslu og fleira.

Tollstjóri vísar til túlkunarreglna tollskrárinnar númer 1 og 6. Í túlkunarreglu númer 1 segir að fyrirsagnir á flokkum köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skuli tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skuli fylgt öðrum túlkunarreglum tollskrárinnar. Í túlkunarreglu númer 6 segir að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gildi einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Úrskurður tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda er byggður á 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaga kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga segir, að þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða sé tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi.

Í kærinni segir m.a. að innflytjandi fallist á tollflokkun tollstjóra en ekki málsmeðferð. Farið er fram á að úrskurðurinn verði tekinn til endurskoðunar hvað varðar innheimtu viðbótargjalda og vaxta. Kærandi telur ekki rétt að

fyrirtækinu sé gert að greiða vexti af vangoldnum aðflutningsgjöldum þar sem embætti tollstjóra hafi áður staðið fyrir breytingum á tollflokkun vörunnar. Skjöl hafa verið send embættinu og sendingar skoðaðar af tollvörðum í vörugeymslu. Þá hafa sýnishorn af vörunni verið send embættinu til glöggvunar á samsetningu vörunnar. Síðan segir að það hafi verið vinnuregla hjá tollstjóra að tilkynna fyrirtæki formlega ef tollflokkun vara væri breytt frá því sem embættið hafði áður samþykkt tollmeðferð á að undangenginni skoðun eða ósk um að fá skjöl til skoðunar. Þá hafa breytingar tekið gildi frá þeim tíma og ekki verið innheimt viðbótargjöld á þá sendingu (sendingar) sem skoðaðar voru. Þetta verklag hafi ekki verið viðhaft varðandi þær sendingar sem eru hér til umfjöllunar.

Gerð er krafa um að úrskurður embættis tollstjóra frá 26.11.2002 verði felldur úr gildi er varðar innheimtu viðbótargreiðslu og endurgreiðslu gjalda svo og greiðslu vaxta. Jafnframt að breytingar á tollflokkun vöru taki gildi frá dagsetningu úrskurðarins þegar um er að ræða vöru sem tollstjóri hefur áður fjallað um flokkun á og staðið fyrir breytingu á tollflokkun sem síðan er svo breytt aftur með úrskurðinum.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 27. janúar 2003. Í svari sem barst þann 13. febrúar s.á. segir m.a. að kærandi vísi ekki í neinar tiltekna sendingar og ekki sé hægt að sjá af þeim gögnum sem fylgja kærinni að tollflokkun hafi verið breytt frá frumskýrslum. Embættið telur sér ekki fært að skoða þetta nánar þar sem kærandi vísar ekki til ákveðinna vara og e.a. tollflokunar á þeim og þá hvenær og hvernig embættið gerði athugasemdir við umrædda tollflokkun.

Tollstjóri vísar til 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, en þar segir í 2. mgr.: Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té við tollafgreiðslu fullnægjandi upplýsingar og gögn sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á skal tollstjóri hafa lokið endurákvörðun aðflutningsgjalda innan 60 daga, talið frá því að aðflutningsgjöld voru ákvörðuð."

Þá segir ennfremur í 5. mgr. að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. sé tollstjóra heimilt að endurákværða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT-tollafgreiðslu sé að ræða.

Að mati embættisins eru ákvæði 99. gr. tollalaga alveg ljós, þ.e. þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða, líkt og í þessu máli. Embættið hafi heimild til þess að endurskoða álagningu gjalda sex ár aftur í tímann. Embættið telur að kærandi hafi ekki sýnt fram á neitt sem leiði til annars.

Með vísan til ofanritaðs krefst tollstjóri þess að hinn kærði úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 26. nóvember 2002, verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda með bréfi þann 14. febrúar 2003. Í svari sem barst nefndinni þann 28. s.m. segir að m.a. sé fullyrt í bréfi tollstjóra að ekki sé vísað í sendingar eða atriði sem embættið hefur áður verið að

skoða og samþykkt, og nú verið að breyta aftur. Af þessum 38 sendingum höfum við það staðfest að a.m.k. vegna 9 af þessum sendingum hefur embættið óskað eftir að fá aðflutningsskjöl til sín áður en tollafgreiðsla var heimiluð. Nokkrar sendingar hafði tollgæslan tekið til skoðunar og verið með í allt að tvær vikur til umfjöllunar fyrir utan þau tilfelli þegar óskað var eftir gögnum og sýnishornum. Á sumum þessara skjala sé skrifað að þau skuli berast til ákveðinna aðila hjá tollstjóraembættinu.

Kærandi telur að tollstjóri hljóti að taka ábyrgð gjörða sinna þegar hann tekur EDI sendingar til skoðunar, hvort sem það er gert með því að kalla eftir skjölum fyrir tollafgreiðslu eða stoppa sendingar og taka til skoðunar. Hann telur að það geti ekki byggst á hlutlægu mati hvers og eins starfsmanns tollstjóra og síðar á einhverju tímabili er allur ferillinn tekinn til skoðunar og krafist e.a. meiri gjalda og dráttarvaxta.

Þá telur kærandi að embætti tollstjóra hljóti að hafa í sínum fórum skrár um þær skoðanir sem hafa verið gerðar. Til upprifjunar telur kærandi upp 9 sendingarnúmer sem tollstjóri hefur óskað eftir gögnum fyrir afhendingu vöru,

S HEG 28 04 9 NL RTM U249	S ARN 12 04 0 NL RTM U619	S HEG 23 02 0 NL RTM U015
E MAN 19 06 0 NL RTM J047	S HEG 31 05 0 NL RTM U067	F 775 12 09 9 DE CGN U535
S ARN 14 07 9 NL RTM U119	S HEG 22 05 1 NL RTM J201	F 775 03 06 9 DE CGN 1715

Kærandi telur það eðlilegt að embætti tollstjórans sendi ríkistollanefnd útlistun á því hvernig haldið er utan um það verkferli þegar embættið kallar eftir skjölum, og eða skoðar vörusendingar og ennfremur breytingar sem gerðar eru af embættinu á sendingum í tollmeðferð.

Að lokum segir í kærinni: Það er ósk okkar f.h. P. ehf. að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi er varðar innheimtu á viðbótargreiðslum og endurgreiðslu gjalda í nokkrum tilfellum, en breyting á tollflokkun getum við vel sætt okkur við enda munu breytingar gilda frá og með þeim degi sem úrskurðurinn er gerður. Við teljum það óhæft að embættið geti verið á flökti með tollflokkun eftir huglægu mati hvers og eins starfsmanns þar, frekar að gefa fyrirtækjum umþóttun um að breytingar taki gildi frá og með þeim tíma er embættið tekur út tollafgreiðslur þeirra og á ég þar sérstaklega við þegar embættið hefur verið af og til að kalla eftir gögnum og breytt tollflokkun sem ekki stenst, þegar heildarendurskoðun fer fram.

Þar sem nýjar upplýsingar koma fram í umsögn kæranda um greinargerð tollstjórans í Reykjavík var ákveðið á fundi hjá ríkistollanefnd þann 3. mars s.l. að óska eftir því við tollstjóra að hann gerði grein fyrir ferli og þeim breytingum á tollmerkingum á þeim 9 sendingum sem upp eru taldar í umsögn kæranda. Var tollstjóra gefinn frestur til 18. mars 2003. Embættið óskaði eftir lengri fresti og var hann veittur til 25. mars 2003.

Í svari tollstjóra segir m.a. að tollskýrslur yfir sendingar þær sem sendar voru tollstjóra hafi verið sendar með SMT/EDI (Samskipti Milli Tölva/Electronic Data Interchange) skeyti. Starfsmenn tollstjóra gerðu athugasemdir við ýmis atriði í skýrslunum og sendu SMT skeyti til baka með athugasemdum. Það er síðan innflytjandans að leiðrétta skýrslurnar í samræmi við athugasemdir og senda leiðréttingar að nýju með SMT skeyti fallist hann á athugasemdirnar. En það er innflytjandinn sem ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem sendar eru tollstjóra, sbr. 16. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Ef hann er ekki sammála athugasemdum tollstjóra hefur hann samband við starfsmenn tollstjóra og skýrir sín sjónarmið eða hann getur óskað úrskurðar tollstjóra um þau atriði sem ágreiningur er um.

Þá vísar tollstjóri til 14. gr. tollalaga en þar er fjallað um varðveislu gagna en í 6. mgr. eins og henni var breytt með d-lið 4. gr. laga nr. 81/1998 segir: "Þeir sem koma fram gagnvart tolyfirvöldum vegna SMT-tollafgreiðslu skulu varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðsluna. Þeir skulu halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í rétttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskeyti sem þeir senda tollstjórum eða móttaka frá þeim. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskeyti og endurmynda þau á læsilegan hátt og prenta þau, ef þess er óskað."

Síðan rekur tollstjóri hvernig ferill þeirra níu sendinga sem kærandi tiltók í umsögn sinni var. Þar segir: "Af ofanskráðu sést að í tölvukerfi tollstjóra er skráð að af þessum 9 sendingum hafi endurskoðandi óskað eftir reikningi vegna tveggja þeirra, og gert athugasemd við tollflokk annarrar. Hann óskaði eftir reikningi, flutningsgjaldstilkynningu og farmbréfi vegna þriggja til viðbótar og gerði athugasemd við tollflokk á einni sendingunni. Vegna þriggja sendinga var gerð athugasemd við lítratölu og brúttóþyngd án þess að óska eftir frekari skjölum og engin athugasemd var gerð við eina sendinguna."

Að lokum segir í greinargerð tollstjóra að það sé síðan við endurákvörðun gjalda sem tollstarfsmenn breyti tollflokkun á fyrri afgangi. Vegna umfangs málsins og þess hve flókið það var hafi endurskoðandi sett upp nýja tollskýrslu til að auðvelda skráningu réttra upplýsinga í tollkerfið vegna endurákvörðunarinnar.

Kæranda var sent svar tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 27. mars s.l. og honum gefinn kostur á að tjá sig um það við nefndina. Í svari kæranda, sem barst nefndinni þann 8. apríl s.l., kemur fram að hann telur að í skýringum tollstjóra sé lýst því ferli sem sé skráð í rammaskeytum í SMT og fari vélrænt á milli tölva embættisins og innflytjanda eða umboðsmanna hans. Embættið hafi ekki prentað út ferilinn vélrænt. Þessu til stuðnings bendir kærandi á sendingu S HEG 28 04 9 NL RTM U249. Hann telur að í ferilslýsingu sleppi tollstjóri að nefna að í umferð tvö sem var í vinnslu þann 28. apríl 1999 kl. 16,03 og aftur kl. 16,04 sé óskað eftir skjölum "Beiðni um skjöl". En þau voru send til embættisins. Þannig að embættið hafi haft öll gögn til að leggja á réttu aðflutningsgjöldin strax í fyrstu og því hafi verið litið svo á að tollmeðferðin væri samþykkt af embættinu.

Síðan telur kærandi upp nokkrar afgangi og tilgreinir feril þeirra.

Sending: E MAN 19 06 0 NL RTM J047. Þessi sending fer í athugasemd og óskað eftir reikningi. Vörureikningur er sendur tollmerktur og embættið samþykkir og afgreiðir sendinguna. Tollmerkingu nú breytt með úrskurði.

Sending: S ARN 14 07 9 NL RTM U119. Gleymdist að setja inn lítratölu og því fer afgreiðslan vélrænt í athugasemd. Leiðrétting var sett inn og embættið samþykkti. Þegar sendingar fá á sig vélræna villu þá þarf embættið að afgreiða "manuelt" í gegnum kerfið, þ.e.a.s. sending fer ekki vélrænt í gegn heldur þarf endurskoðandi að samþykkja gjörninginn í gegnum tollkerfið.

Sending: S ARN 12 04 0 NL RTM U619. Sending þessi fer í athugasemd og óskað eftir skjölum. Öll gögn voru send embættinu sem breytir tollflokkun sem síðan breytir honum aftur í hinni kærðu endurákvörðun.

Sending: S HEG 31 05 0 NL RTM U067. Sending þessi fer í athugasemd hjá embættinu og var óskað eftir skjölum. Öll gögn voru send embættinu sem samþykkti athugasemdalaust, þannig að það var talið rétt sem gert var.

Sending: S HEG 22 05 1 NL RTM J201. Sending fer í athugasemd þar sem kom beiðni um skjöl. Öll gögn voru send til embættisins sem afgreiðir sendinguna athugasemdalaust, þannig að tollafgreiðslan var talin rétt.

Sending: S HEG 23 02 0 NL RTM U015. Þessi sending hefur skrautlegan feril í EDI samskiptum sem stafar af inngripi tollstarfsmanna. Þegar tollstarfsmenn óska eftir gögnum þá stoppar sendingin í EDI í þessu tilfalli. Umbeðin gögn voru afhent, síðan komu tollstarfsmenn í vörugæmsluna og skoðuðu sendinguna og tóku sýni. Næst óskaði endurskoðunin eftir gögnum og sýni af vörunni frá innflytjanda. Sú beiðni var uppfyllt. Þessi sending var til umfjöllunar hjá embættinu í 12 daga eða í 2 vinnuvikur. Tollflokkun var breytt hjá embættinu og aftur nú í úrskurði.

Sending: F 775 12 09 9 DE CGN U535. Þessi sending fór í athugasemd og var óskað eftir skjölum. Öll gögn voru send til embættisins sem breytti tollflokkun og síðar aftur nú með úrskurði.

Sending: F 775 03 06 9 DE CGN 1715. Þessi sending fór í athugasemd þar sem gleymdist að setja inn lítratölu og einnig var misræmi í farmskrá, vélræn villa. Þetta var leiðrétt og endurskoðun embættisins afgreiddi athugasemdalaust.

Kærandi telur að það sé augljóst að tollstarfsmenn hafi haft fulla hugmynd um hvaða vöru fyrirtækið P. ehf. flytji inn. Embættið hafi afgreitt sumar sendingar beint, sent sumar í tollskoðun, afgreitt aðrar eftir að hafa fengið öll gögn og síðan breytt tollflokkun þá, sem síðan sé svo breytt aftur með úrskurðinum.

Kærandi telur að embættið ætti að leggja fram skrá þar sem fram komi hvað gert hafi verið í tollmeðferð hvernar sendingar. Í stað þess séu lögð fram stöðluð EDI skeyti sem séu til staðar í tölvum embættisins og hjá J. Það sæti furðu að eldri athugasemdir og skilaboð falli niður þegar ný séu skráð eða skjalið tekið upp aftur. Kærandi telur að embættið verði að skoða þessi mál vel vegna framtíðar í EDI samskiptum.

Þá segir í greinargerð kæranda að þegar hann hafi starfað hjá embættinu hafi allar breytingar sem gerðar voru á aðflutningsskýrslu verið skráðar í tölvu einnig hvaða sendingar fóru í vöruskoðun í geymslum farmflytjanda. Þegar tollmeðferð fyrirtækja var skoðuð í heild þá hafi það einnig verið skráð og afrit tekið af öllu og gögnin geymd og verið aðgengileg fyrir þá sem þurftu á að halda. Ef innflutningur fyrirtækis hafi verið tekinn til skoðunar aftur í tímann og upp hafi komið villur t.d. í tollflokkun, og í ljós hafi komið að sendingar höfðu verið teknar í skoðun, eða upplýsingar um vöruna verið sendar embættinu og þær afgreiddar athugasemdalaust, hafi ekki verið gerð krafa um greiðslu gjalda aftur í tímann, heldur hafi fyrirtækinu verið tilkynnt formlega með bréfi um fyrirhugaðar breytingar og gildistíma þeirra. Kærandi telur þetta góða verklagsreglu sem embættið ætti að tileinka sér aftur. Kærandi telur óhæft að embættið geti verið á flökti með tollflokkun og hún sé eftir huglægu mati hvers og eins tollstarfsmanns. Ítrekaðar eru fyrri kröfur.

Þar sem nefndarmenn töldu málið ekki nægjanlega upplýst á þessu stigi, og fram voru komnar nýjar upplýsingar í málatilbúnaði kæranda var óskað eftir viðbótarupplýsingum frá tollstjóra. Var honum send greinargerð kæranda til umsagnar og bréf ríkistollanefndar þar sem nefndarmenn óskuðu svara frá embættinu um hvort tollflokkun vörunnar við tollmeðferð hafi verið breytt í einhverjum tilvikum og síðan breytt aftur með hinum kærða úrskurði. Þá var tollstjóri spurður hvort það væri réttur skilningur kæranda að þegar innflytjandi sendi tollstjóra reikning yfir vöru sem afgreidd væri vélrænt og sá reikningur væri tollmerktur og tollstjóri gerði ekki athugasemd við flokkun vörunnar, hvort líta bæri svo á að þá sé komið samþykki tollstjóra fyrir tollflokkuninni. Að lokum var tollstjóri spurður hvort breytt vinnuferli og geymsla gagna hafi verið tekin upp við tollskoðun hjá innflytjendum.

Í svari sem barst nefndinni þann 28. maí s.l. segir m.a. að hér áður fyrr hafi tolyfirvöld fengið í hendur aðflutningsskýrslu og öll skjöl er vörðuðu tiltekna sendingu og hafi endurskoðun aðflutningsgagna farið fram fyrir tollafgreiðslu áður en innflytjandi fékk leyfi til að leysa til sín sendinguna frá farmflytjanda. Því hafi tolyfirvöld haft tækifæri til þess að sannreyna þær upplýsingar sem fram komu í aðflutningsskýrslunni. Ákvæði tollalaga um endurákvörðun gjalda endurspeglaði þetta fyrirkomulag þar sem tolyfirvöldum var óheimilt að endurákværða gjöld af vöru eða sendingu sem heimiluð hafði verið afhending á og tekin úr vörslu farmflytjanda nema tilkynna innflytjanda það með ábyrgðarbréfi innan 60 daga. Endurákvörðun tolla og gjalda var þó heimil síðar ef ekki var hægt að byggja rétta álagningu aðflutningsgjalda á þeim gögnum sem innflytjandi lagði fram eða hann vissi eða hefði mátt vita um rétta tollmeðferð. Enginn frestur var tiltekinn í tollalögum þegar svo stóð á. Því hafi tollstjóra verið nauðsynlegt að halda spjaldskrá þar sem tíundaðar voru athugasemdir og leiðréttingar sem gerðar voru við aðflutningsskýrslur innflytjenda til að geta séð í hvaða tilvikum skilyrði væru til að endurákværða aðflutningsgjöld. Ef ekki fundust þessi skilyrði var ekki heimilt að endurákværða gjöld lengur aftur í tímann en 60 daga og gildi því leiðréttingin einungis frá þeim tíma. Spjaldskrá þessi var lögð niður er kærandi vann hjá embættinu.

Með lögum nr. 69/1996 um breytingu á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum, voru tekin upp ný ákvæði í lögum vegna tölvuvæddrar tollafgreiðslu. Jafnframt var 99. gr. laganna breytt og inn komu ákvæði sem enn eru í greininni. Meðal annars var tekinn upp almennur sex ára fyrningarfrestur vegna endurákvörðunar aðflutningsgjalda sem bundinn var nánar tilgreindum skilyrðum. Þetta á meðal annars við um SMT-tollafgreiðslu, enda eru öll gögn, sem slík tollafgreiðsla er byggð á, í vörslu innflytjanda og endurskoðun tollstjóra því nær eingöngu framkvæmd eftir á.

Þá segir að tollskýrslur yfir sendingar þær sem séu hér til umfjöllunar voru sendar tollstjóra með SMT/EDI (Samskipti Milli Tölva/Electronic Data Interchange) skeyti. Starfsmenn tollstjóra gerðu athugasemdir við ýmis atriði í skýrslunum og sendu SMT skeyti til baka með athugasemdum. Það er síðan innflytjandans að leiðrétta skýrslurnar í samræmi við athugasemdirnar og senda leiðréttingar að nýju með SMT skeyti fallist hann á athugasemdirnar. En það er innflytjandinn sem ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem sendar eru tollstjóra, sbr. 16. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Ef hann er ósammála athugasemdunum hefur hann samband við starfsmenn tollstjóra og skýrir sín sjónarmið eða óskar úrskurðar tollstjóra um þau atriði sem ágreiningur er um.

Síðan segir í greinargerð tollstjóra að um varðveislu gagna sé fjallað í 14. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, en þar segir í 6. mgr. eins og henni var breytt með d-lið 4. gr. laga nr. 81/1998: „Þeir sem koma fram gagnvart tollyfirvöldum vegna SMT-tollafgreiðslu skulu varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðsluna. Þeir skulu halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í rétttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskýti sem þeir senda tollstjóranum eða móttaka frá þeim. Þegar gagnadagbók er haldin í tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskýti og endurmynda þau á læsilegan hátt og prenta þau, ef þess er óskað.“

Embættið óskaði eftir því við innflytjanda, að fá afrit af þeim rammaskýtum með aðflutningsskýrslum sem upphaflega voru send tollstjóra varðandi hinar kærðu sendingar. Þau skeyti voru að sögn ekki til í gögnum kæranda, aðflutningsskýrslan var einungis geymd eins og hún leit út við tollafgreiðsluna eftir breytingar ef einhverjar voru. Það er því ekki hægt að bera saman upphaflegt skeyti og tollafgreiðslu til að komast að því hvort einhverjar breytingar hafa verið gerðar á tollflokkun þar í millitíðinni. Innflytjandinn ber hallann af þeirri vanrækslu sinni, sbr. framangreint.

Með tilkomu tölvuvæddrar tollafgreiðslu geta innflytjendur sjálfir tollafgreitt sínar vörur án afskipta tollyfirvalda af hverri sendingu eins og áður var. Endurskoðun fer að jafnaði einungis fram eftir á. Þetta fyrirkomulag, sem er til mikils hagræðis fyrir innflytjendur, leggur jafnframt auknar skyldur á þeirra herðar þar sem öll gögn eru nú í þeirra höndum en ekki tollyfirvalda eins og áður var.

Eftirlit tollstjóra hefur einnig breyst og tekið mið af breyttum aðstæðum. Vegna möguleika kerfisins og kröfu innflytjenda á skjótri afgreiðslu er við tollafgreiðsluna sjálfa meira lagt upp úr ýmiss konar sjálfvirku vélrænu eftirliti, og eins fyrirfram gefnum þáttum sem til athugunar eru hverju sinni. Þetta

eftirlit getur t.d. beinst að vörum frá ákveðnum löndum, hvort tiltekin leyfi séu til staðar eða að tilteknum tollskrárnúmerum, vegna magns, fjölda eða annarra atriða sem máli geta skipt.

Hafnað er alfarið þeim skilningi kæranda að hafi tollstjóri, við SMT-tollafgreiðslu, fengið sendan tollmerkta reikning og sendingin tollafgreidd án þess að starfsmenn tollstjóra hafi gert athugasemd við tollflokkun þá sé tollstjóri þar með að samþykkja tollflokkunina. Þótt tollstjóri hafi við tollafgreiðslu óskað eftir gögnum frá innflytjanda, t.d. vörureikningi og eða öðrum aðflutnings skjölum, má ekki líta svo á að hann hafi farið yfir öll atriði skjalanna og skýrslunnar og þar með gefið samþykki sitt fyrir þeim upplýsingum sem þar kunna að hafa komið fram.

Allsherjar endurskoðun tiltekinnar sendingar á sér venjulega ekki stað við tollafgreiðslu. Slík skoðun er undantekning og á sér venjulega ekki stað nema við endurskoðun eftir á þegar ástæða þykir til.

Kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 3. júní s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 11. s.m. kemur meðal annars fram að kærandi er ekki ánægður með svar tollstjóra og segir hann vitna helst í tollalög sem hann kveðst þekkja vel.

Þá segir að það sé rétt sem fram komi hjá tollstjóra að gögn þau sem embættið spurðist fyrir um séu vistuð í gagnagrunni fyrirtækisins. Tölvukerfið sé byggt upp að kröfu ríkistollstjóraembættisins og tekið út af því embætti. Fram hafi komið í samtali sem hann hafi átt við starfsmann tollstjóra að sömu upplýsingar séu geymdar í tölvum tollstjóra og innflytjanda. Það sé rangt sem fram komi hjá tollstjóra að um sé að ræða vanrækslu hjá innflytjanda í geymslu gagna á tölvutæku formi og því eigi innflytjandi að beri skaða af því. Öll rammaskýti sem geyma þarf í tölvutæku formi séu þau sömu og embætti tollstjóra hafi í sínum fótum og hefur tekið út í formi leyfis fyrir SMT tölvusamskiptum. Reyndar sé tölvukerfi okkar og raunar allra sem eru í SMT tölvuumhverfi við tollstjóra samþykkt af embættinu skv. þeim stöðlum og þörfum sem gerð eru. Þá segir kærandi að geymd séu öll gögn sem eru á pappír þ.e. frumtollskjöl og leiðréttingar sem starfsmenn árita. Embætti tollstjóra virðist ekki halda neinar skrár yfir einstök verk er viðkoma tollendurskoðun né yfir athugasemdir sem gerðar eru.

Kærandi er ekki sáttur við það álit sem fram kemur í svari tollstjóra við bréfi ríkistollanefndar þar sem fram kemur að það sé ekki sjálfsgefið að embættið hafi lagt blessun sína yfir tollflokkun þó að þau hafi fengið senda tollmerkta vörureikninga. Hann telur að þegar embættið kalli eftir gögnum þá fylgi því ábyrgð samfara. Allir sem hafi samskipti við embættið fari eftir tilsögn og leiðbeiningum starfsmanna þess.

Að lokum er vísað til fyrri bréfa J. og krafan ítrekuð.

Ríkistollanefnd hefur haft mál þetta til meðferðar á nokkrum fundum sínum og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Málið fjallar um innflutning kæranda J fyrir hönd P. ehf. á 38 nánar tilgreindum vörusendingum sem fluttar voru til landsins á tímabilinu 10. apríl 1999 til 6. mars 2002 og

tollmeðferð á þeim. Tollstjóri endurákvörðar og breytir tollflokkun á nokkrum vörutegundum og krefur innflytjanda um greiðslu vaxta af vangreiddum gjöldum. Kærandi gerir ekki ágreining við tollstjóra um tollflokkun nefndra sendinga, þannig að aðilar eru sammála um tollflokkun sendinganna. Kærandi er hins vegar ósáttur við endurákvörðun tollstjóra á gjöldum af vörusendingunum þar sem tollstjóri hafi kallað eftir upplýsingum um vöruna í sumum tilvikum og breytt tollskýrslum en af því hafi innflytjandi mátt álykta að tollstjóri hafi farið yfir viðkomandi innflutning og hann því talið að tollmeðferðin hafi verið rétt. Þá hafi tollstjóri í sumum tilvikum breytt tollflokkun vörusendinga sem hann sé með endurákvörðun sinni að breyta í upphaflegt horf til samræmis við það sem innflytjandi setti fram í upphafi eða breyta fyrri flokkun. Jafnframt sé tollstjóri að krefja innflytjandann um dráttarvexti sem sé bein afleiðing af hinni upphaflegu leiðréttingu tollstjóra. Í þessu sambandi skorar kærandi á tollstjóra að leggja fram skrá yfir samskipti sín við kæranda vegna þeirra vörusendinga sem hann breytti.

Á hinn bóginn bendir tollstjóri á lagaskyldu kæranda skv. 14. gr. tollalaga nr. 55/1987 um að honum beri að halda utan um öll samskipti sín við tollstjóra þegar hann nýtir sér svokallaða SMT tollafgreiðslu. Þá upplýsir tollstjóri að með bréfi dags. 21.08.2002 hafi fyrirtækinu verið tilkynnt bréflaga að embættið hafi haft nánar tilgreindar sendingar til skoðunar. Fram kemur að eftirlitsdeild tollstjóra hafi áður gert athugasemdir við tollflokkun, váttryggingar, mynt, vörur sendar án greiðslu ofl. Fyrirtækinu var veittur 15 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Fresturinn var framlengdur til 2. september, síðan til 20. september og enn aftur til 4. október. Þann 21. október var fyrirtækinu sendur tölvupóstur um að engar athugasemdir hefðu borist frá fyrirtækinu. Þann 26. nóvember 2002 var fyrirtækinu síðan sendur úrskurður tollstjóra um endurákvörðun.

Vegna fullyrðinga kæranda um breytingar og “flökt” af hálfu tollstjóra á tollmeðferð þeirra sendinga sem hér eru til umfjöllunar, svo og vegna þess að málið lá ekki nógu skýrt fyrir í upphafi að mati ríkistollanefndar sendi nefndin málið ítrekað með gögnum til kæranda og tollstjóra til umsagnar og skýringa. Tollstjóri upplýsir um tiltekna athugasemdir og ferli vegna nánar tilgreindra 9 vörusendinga, m.a. um magn, lítratölu og mynt. Eftir að hafa fengið sjónarmið tollstjóra og kæranda fram á ný er að mati ríkistollanefndar ljóst að hvorki innflytjandinn né tollstjóri virðast halda utan um öll samskipti aðila með tæmandi hætti þegar um SMT tollafgreiðslu er að ræða. Alla vega liggja ekki fyrir nefndinni upplýsingar sem hægt er að byggja á niðurstöðu vegna hvernar einstakrar tollafgreiðslu.

Fyrir liggur að umræddar 38 vörusendingar voru allar tollafgreiddar með svokallaðri SMT tollafgreiðslu. Þessi tollafgreiðslumáti setur mun ríkari skyldur á herðar innflytjanda en hefðbundin tollafgreiðsla, þ.e. innflytjandi verður að vera viss um tollflokkun hinnar innfluttu vöru, þar sem tollstjóri hefur mjög rúma heimild til endurskoðunar á tollafgreiðslunni, sbr. 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Ef innflytjanda fannst vera “flökt” eða ítrekaðar breytingar á tollmeðferðinni af hálfu tollstjóra var honum í lófa lagið að biðja um Bindandi álit um tollflokkun vöru skv. 142. gr. tollalaga. Með því hefði hann tryggt sig fyrir því að tollstjóri gæti endurákvörðað gjöld aftur í tímann.

Í svörum tollstjóra er ekki hægt að sjá tæmandi yfirlit yfir breytingar á öllum 38 sendingunum. Í sumum tilvikum er tollstjóri að gera athugasemdir við aðra hluti en tollflokkunina s.s. lítrafjölda eða mynt. Tekur nefndin undir með tollstjóra að þessar breytingar verða ekki túlkaðar þannig að hann sé að leggja blessun sína yfir að tollafgreiðslan sé rétt að öðru leyti, t.d. varðandi tollflokkun. Jafnframt tekur ríkistollanefnd undir með tollstjóra að geti kærandi ekki sýnt fram á að tollstjóri hafi breytt tollflokkun á tilteknum vörusendingum og breytt þeim síðan aftur í fyrra horf verður kærandi að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Í 6. mgr. 14. gr. tollalaga segir “Þeir sem koma fram gagnvart tolyfirvöldum vegna SMT-tollafgreiðslu skulu varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðsluna. Þeir skulu halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í réttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskýti sem þeir senda tollstjórum eða móttaka frá þeim. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskýti og endurmynda þau á læsilegan hátt og prenta þau ef þess er óskað.”

Ljóst er samkvæmt þessu að löggjafinn leggur það á innflytjanda að hann haldi utan um samskipti sín við tolyfirvöld þegar hann nýtir sér SMT tollafgreiðslu.

Öðru máli gegnir hins vegar um þær sendingar þar sem tollstjóri hefur sannanlega breytt tollflokkun á og breytir henni síðan aftur í fyrra horf í úrskurði sínum. Í þeim tilvikum telur ríkistollanefnd óheimilt að endurkrefja kæranda um gjöld og vexti.

Með vísan til 14. gr., 99. gr. og 101. gr. tollalaga 55/1987 og 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 staðfestir ríkistollanefnd tollflokkun tollstjóra vegna umræddra 38 vörusendinga. Endurákvörðun tollstjóra, þ.m.t. dráttarvextir er staðfest varðandi þær vörusendingar sem ekki verður sýnt fram á að tollstjóri hafi breytt upphaflegri réttri tollflokkun, og breytt síðan aftur. Endurákvörðun tollstjóra er felld niður að því er varðar þær vörusendingar þar sem fyrir liggur að tollstjóri hafi breytt upphaflegri réttri tollflokkun en breytt síðan í fyrra horf með endurákvörðun sinni.